

65 amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 16. þ. m., og beiðni hlutað-
 19. júní eiganda, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn að Brjáns-
 læk, sjera Bjarni Símonarson, taki 850 kr. embættislán, sem þó eigi verður veitt
 úr landsjóði, uppá prestakall sitt, til þess að byggja þar 2 ný hús, sem sje
 geymsluhús 15 álna langt og 6 álna breitt með 4 álna háum torfveggjum og hey-
 hlöðu 20 álna langa og 5 álna breiða með 6 álna háum torfveggjum, og enn-
 fremur til að kaupa handa prestssetrinu 10 álnir af járnþöktum timburskúr 5½
 álnar breiðum, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi á húsum þessum, er lýst
 er í fyrnefndu brjefi stiptyfirvaldanna, gegn því að lánið endurgreiðist á 15 ár-
 um með jöfnum afborgunum, en helmíngur þess útgreiðist ekki fyr en sannað er með
 skoðunargjörð, að hin umrædda húsabót sje framkvæmd og vel vönduð, og með
 því skilyrði að öll húsin verði eign prestakallsins og að þeim verði hjereptir
 skilað í gildu standi og með fullu álagi, en jafnframt leggist niður 4 hinna nú-
 verandi bæjarhúsa: eldhúskofi, smiðja, hesthúskofi og torfskemma.

Þetta er stiptyfirvöldunum til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
 birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Islandi um lántöku-

66 leyfi handa Húsavíkurprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
 19. júní maður, og yðar, herra biskup, í brjefi dagsettu 16. þ. m., og beiðni hlutaðeig-
 anda, vil eg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn að Húsavík,
 sjera Jón Arason, taki 300 kr. embættislán, sem þó eigi verður verður veitt úr
 landssjóði, uppá prestakallið til þess að láta gjöra nákvæma mæling og upp-
 drátt af kaupstaðnum og landinu umhverfis til afnota fyrir nefnd þá, er í ráði
 er að skipuð verði til þess eptirleiðis ásamt prestinum og undir eptirliti prófasts
 að gjöra tillögur um allar útvisanir lóða úr landi kaupstaðarins Húsavíkur, sem
 er eign prestakallsins, og er lán þetta því skilyrði bundið, að það endurborgist
 á 28 árum með jöfnum afborgunum.

Þetta er stiptyfirvöldunum til vitunar gefið til leiðbeiningar og frekari
 birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-

67 amtmaður, sent hingað brjef frá bæjarfógetanum á Seyðisfirði, þar
 24. júní sem hann spyrst fyrir um það, hvar greiða eigi toll af tollskyldum vörum, sem
 gufuskipið Hermes átti að flytja til Akureyrar í vor, en varð að leggja upp á
 Seyðisfirði sökum hafiss. Vörur þessar voru síðan fluttar af Seyðisfirði til Ak-
 ureyrar á öðru gufuskipi. Jafnframt hefir nefndur bæjarfógeti látið það í ljósi,
 að toll af umgetnum vörum beri að hans áliti að heimta á Seyðisfirði samkvæmt
 því sem segir í 2. gr. tolllaganna. Þessu áliti bæjarfógetans tjáizt þjer vera
 samdóma.

Ut af þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari 67
birtingar, að jeg verð og að vera sömu skoðunar sem þjer og bæjarfógetinn, að 24. júní
tollinn af hinum umræddu vörum eigi að greiða á Seyðisfirði.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um kaup 68
á jörð handa Eyvindarhólaprestakalli. Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 2. júlí
20. f. m. skrifað mjer á þessa leið:

Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins eptir móttöku
brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 16. f. m., hefir hans hátign konungin-
um allramildilegast þóknast að veita allrahæst leyfi til að Eyvindarhólapresta-
kall í Rangárvallaprófastsdæmi kaupi eyðijörðina Syðra Bakkakot í Austureyja-
fjallahreppi gegn því að láta af hendi prestsmötu þá, 100 pd. smjörs, er presta-
kallið nýtur af Steinum, enda verði Syðra Bakkakot framvegis skoðað að öllu
leyti sem kirkjújörð.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Agríp

af reikningi Landsbankans 1. janúar — 31. marz 1902.

69

Tekjur:

1. I sjóði 1. janúar 1902	kr.	64,546 32
2. Borgað af lánum:		
a. Fasteignarveðslán	kr.	26,598 11
b. Sjálfskuldarábyrgðarlán	—	18,989 63
c. Handveðslán	—	1,135 00
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o.fl. —		2,441 07
e. Accreditivlán	—	2,000 00
3. Víxlar innleystir	—	190,712 00
4. Ávísanir innleystar	—	14,477 72
5. Vextir ýmiskonar	—	17,513 11
6. Disconto	—	4,225 82
7. Tekjur í reikning Landmandsbankans í Kaupmannahöfn (fyr- ir seldar ávísanir o. fl.)	—	267,701 02
8. Innheimt fje fyrir aðra	—	6,734 29
9. Seld verðbrjef fyrir	—	23,600 00
10. Selt af fasteignum bankans	—	12,200 00
11. Aðrar tekjur af fasteignum tilbeyrandi bankanum	—	33 13
12. Innlög í hlaupareikning	—	242,519 68
13. Sparisjóðsinnlög	—	314,691 25
14. Frá veðdeild bankans	—	224 49
15. Ýmiskonar tekjur og innborganir	—	2,422 17
	Kr.	1,212,764 81